Frumvarp til úthlutunargerðar

Glitnir HoldCo ehf., kt. 550500-3530, í slitameðferð

Gert af skilanefnd félagsins samkvæmt 3. mgr. 89. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög

Á hluthafafundi Glitnis HoldCo ehf., kt. 550500-3530 (hér eftir „**félagið**") sem haldinn var þann 16. janúar 2026 var samþykkt að slíta félaginu á grundvelli 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög (hér eftir „**ehfl**."). Í framhaldi var haldinn hluthafafundur hjá félaginu þann sama dag þar sem efnahags- og rekstrarreikningur fyrir félagið var lagður fram í samræmi við 2. mgr. 85. gr. ehfl. og skilanefnd kosin.

Þann 2. mars 2026 var skilanefnd löggilt af fyrirtækjaskrá Skattsins í samræmi við 4. mgr. 86. gr. ehfl. og tók hún þá við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Skilanefnd birti tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu. Kröfulýsingarfrestur rann út 16. maí 2026 og var fundur með lánardrottnum og hluthöfum til að fjalla um kröfur á hendur félaginu haldinn þann 23. júní 2026.

Allar viðurkenndar kröfur á hendur félaginu hafa verið greiddar og eru engar umdeildar kröfur til staðar. Þá liggur fyrir afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð. Skilyrði 3. mgr. 89. gr. ehfl. eru því uppfyllt og frumvarp þetta til úthlutunargerðar lagt fram ásamt lokareikningum félagsins.

Fjárhæð til úthlutunar

Til úthlutunar til hluthafa koma samtals 300.000 evrur sem nema eignum félagsins. Vísast um það til lokareiknings félagsins.

Fjárhæðinni, 300.000 evrum, er úthlutað til hluthafa í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í félaginu, þannig að hver hluthafi fær í sinn hlut fjárhæð sem svarar til eignarhlutar hans margfaldaðs með 300.000 evrum, en fjárhæðir eru námundaðar að næsta senti. Eignarhlutir hluthafa miðast við hlutaskrá félagsins 16. nóvember 2026.

Áréttað er að kostnaður við greiðslur til hluthafa, þ.e.a.s. bankakostnaður í tengslum við slíkar greiðslur, kemur til frádráttar úthlutun til hvers og eins hluthafa. Af framangreindu leiðir að þeir hluthafar sem eiga rétt á úthlutun sem er lægri en áætlaður bankakostnaður fá ekki greiðslu, enda myndu slíkar greiðslur eingöngu duga til að mæta bankakostnaði. Kostnaður við hverja bankagreiðslu er áætlaður tíu (10) evrur og fá þeir hluthafar sem annars fengju úthlutað lægri fjárhæð en tíu (10) evrum ekki greiðslu.

Fundur um frumvarp til úthlutunar – andmæli

Þetta frumvarp til úthlutunar verður tekið fyrir á fundi með hluthöfum sem haldinn verður á skrifstofu Foss lögmanna, Langholtsvegi 111, 2. hæð, kl. 11:00 þann 30. nóvember 2026. Það mun liggja fyrir á sama stað til sýnis fyrir hluthafa og aðra sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta af því að kynna sér efni þess.

Komi ekki fram mótmæli gegn þessu frumvarpi eða athugasemdir gerðar við lokareikninga, í síðasta lagi á framangreindum fundi, mega þeir sem eiga hlut að máli þessu vænta þess að slitum verði lokið á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr slitaferlinu. Munu hluthafar þannig fá úthlutað fjármunum í samræmi við frumvarpið.

Rísi ágreiningur um frumvarpið eða lokareikninga sem ekki tekst að jafna mun skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara til úrskurðar.

Fjárhæðir sem ekki reynist unnt að greiða hluthafa, t.d. vegna þess að fullnægjandi upplýsingar hafa ekki borist, verða lagðar á geymslureikning í þágu hlutaðeigandi hluthafa.

Reykjavík, 16. nóvember 2026

F.h. skilanefndar Glitnis HoldCo ehf.

_____

Ragnar Björgvinsson, lögmaður

_____

Ingólfur Hauksson, endurskoðandi

Undirritað af:
Ragnar Björgvinsson
2609853109
Dags: 16.11.2026
Tími: 22:41:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7af3e38c-56e3-4ad4-bdcb-11c6c26d9445

Undirritað af:
Ingólfur Hauksson
0406605349
Dags: 16.11.2026
Tími: 23:18:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7af3e38c-56e3-4ad4-bdcb-11c6c26d9445